

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafjörður, 162 Reykjavík



Dags eftirlits	23.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6203911079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Andri Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Rafn Rúnarsson og Julia S. Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, en það varðar að árið 2024 var losun næringarefna umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

Engar ábendingar voru settar fram.

Þrjú frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Tvö frávik eru vegna of mikillar framleiðslu árin 2022 og 2023 og eitt vegna ófullnægjandi skila á umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði. Benchmark Kollafirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 18. ágúst 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á 20 tonnum af laxfiskum á ári og má hámarks lífmassi á hverjum tíma ekki vera yfir 20 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö frávik komu fram í síðasta eftirliti árið 2024. Þau voru bæði opin þegar eftirlitið 2025 fór fram. Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu 2024. Brugðist hefur verið við þeim öllum og því er ekki ástæða til eftirfylgni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Fullnægjandi umhverfisupplýsingum fyrir árið 2023 var skilað þann 30. október 2024 og er fráviki varðandi skilin því lokað. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað þann 30. apríl 2025 og eru ekki gerðar athugasemdir við skilin. Mikið misræmi er í niðurstöðum útreikninga á losun fosfórs og niturs frá stöðinni. Niðurstöðurnar benda eindregið til að losun sé yfir heimiluðum mörkum skv. starfsleyfi og er skráð frávik vegna þess. Í eftirlitinu var rætt um sýnatökustaði og útreikninga og lagðar til breytingar sem að mati bæði rekstrar- og eftirlitsaðila koma til með að gefa réttari mynd af losun frá stöðinni. Framleiðsla stöðvarinnar árið 2024 var rúm 18 tonn sem er í samræmi við heimild starfsleyfis. Eldri frávikum varðandi framleiðslu umfram heimild árin 2022 og 2023 er því lokað.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

5. Önnur mál

Farið var yfir hvaðan vatn stöðvarinnar er fengið m.t.t. kröfu um skráningu borhola og nýtingarleyfi. Engar borholur eru í stöðinni og því er ekki krafa um nýtingarleyfi.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymslan var skoðuð og þau öryggisblöð sem eru til staðar og eru engar athugasemdir gerðar. Gengið var að flestum sýnatökustöðum og rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir, t.d. við sameiningu útrása stöðvarinnar. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Árið 2024 var losun næringarefna yfir heimiluðum mörkum skv. starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

10.07.2025



Freyr Ávarsson